

Háskólar á Íslandi fá viðurkenningu menntamálaráðherra



Viðurkenning fræðasviða háskóla á Íslandi í Þjóðmenningarhúsi

Ný [rammalög um háskóla](#) tóku gildi 1. júlí 2006. Í ákvæði til bráðabirgða var gert ráð fyrir að innan tveggja ára frá gildistöku laganna ættu allir háskólar, hvort heldur sem þeir störfuðu skv. starfsleyfi eða sérlögum, að hafa öðlast viðurkenningu á þeim fræðasviðum sem starfsemi þeirra tæki til. [Menntamálaráðuneyti](#) hefur því sl. tvö ár unnið ótullega að því, ásamt háskólunum, að ná þessu markmiði.

Þann 24. apríl sl. var haldin athöfn í Þjóðmenningarhúsi þar sem Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir [menntamálaráðherra](#) gerði niðurstöður viðurkenningarferilsins opinberar. Viðurkenning felur í sér að menntamálaráðuneyti vottar að viðkomandi háskóli uppfylli þær lágmarkskröfur sem ráðuneytið gerir til hans á grundvelli laga um háskóla.

Við skipulag verkefnisins var tekið mið af alþjóðlegum viðmiðum um mat

og úttektir. Til að tryggja hlutleysi menntamálaráðuneytis voru óháðir, erlendir sérfræðingar skipaðir í sérfræðinganefndirnar og [Rannsóknamiðstöð Íslands](#) falin öll umsýsla verkefnisins.

Í niðurstöðum sérfræðinganefndanna var lagt til við menntamálaráðherra að veita háskólunum viðurkenningu, á bakkalár- og meistarastigi, og votta þar með að þeir uppfylli þær kröfur sem ráðuneytið gerir til háskóla á grundvelli gildandi laga. Menntamálaráðherra ákvað að fara eftir ráðgjöf sérfræðinganna og veita háskólunum þá viðurkenningu. Þrátt fyrir að sérfræðingarnir hafi lagt til slíka vottun eru settar fram töluverðar athugasemdir og ábendingar í úttektarskýrslunum sem er beint til háskólanna um það sem betur mætti fara í starfsemi þeirra.

Menntamálaráðuneyti mun vinna að þeim úrbótum, m.a. með því að setja fram þriggja ára áætlun um gæðaeftirlit með kennslu og rannsóknum.

Nálsgast má [skýrslur sérfræðinganefndanna](#) á vef menntamálaráðuneytis.

- Háskóli Íslands fékk viðurkenningu á öllum fræðasviðum að undanskildum auðlinda- og búvísindum.
- Háskólinn á Akureyri fékk viðurkenningu á sviðum félagsvísinda, heilbrigðisvísinda og auðlinda- og búvísinda.
- Háskólinn á Bifröst fékk viðurkenningu á sviði félagsvísinda.
- Háskólinn á Hólum fékk viðurkenningu á sviði auðlinda- og búvísinda.
- Háskólinn í Reykjavík fékk viðurkenningu á sviðum verk- og tæknivísinda og félagsvísinda.
- Kennaraháskóli Íslands fékk viðurkenningu á sviði félagsvísinda.
- Landbúnaðarháskóli Íslands fékk viðurkenningu á sviðum náttúruvísinda og auðlinda- og búvísinda.
- Listaháskóli Íslands fékk viðurkenningu á sviði lista.

Efling skáklistar í grunnskólum

Þann 2. maí síðastliðinn skrifaði [menntamálaráðherra](#) undir samning við [Skáksamband Íslands](#) um eflingu skáklistar í grunnskólum. Um er að ræða tilraunaverkefni sem hefur það að markmiði að efla skáklistina með því að tengja skák við venjubundið nám í grunnskólum. Verkefnið byggir á tillögum starfshóps sem skilaði tillögum í lok árs 2007. Skáksamband Íslands mun ráða verkefnisstjóra til þess að fylgja verkefninu eftir en áætlað er að 6-8 grunnskólar geti tekið þátt í verkefninu. Samningurinn gildir frá 1. maí 2008 til 30. júní 2009.



Hallgerður Helga Þorsteinsdóttir stúlkaskákmeistari og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra að tafla

Innritun í framhaldsskóla 2008

Innritun í framhaldsskóla fer fram dagana 14. maí til og með 11. júní 2008. Þann 14. maí verður opnað fyrir rafræna innritun á skólavef menntamálaráðuneytis, [menntagatt.is/innritun](#). Allar umsóknir um nám í dagskóla eru rafrænar. Sótt er um á netinu og berast umsóknirnar beint í upplýsingakerfi framhaldsskólanna. Menndum sem koma erlendis frá er einnig bent á að setja sig í samband við þá skóla sem þeir hafa áhuga á að sækja um.

Aðalnámskrá framhaldsskóla: Námsbraut fyrir heilbrigðisritara

Drög að nýrri námskrá fyrir heilbrigðisritara verða til kynningar á [vef menntamálaráðuneytis](#) til 20. maí 2008. Fram að þeim tíma gefst hagsmunaaðilum og almenningi kostur á að senda athugasemdir og ábendingar um námskrána í heild eða einstaka þætti hennar til menntamálaráðuneytis, Sölvhólgötu 4, 150 Reykjavík, eða á netfangið [namskra@mrn.stjir.is](#).

Verndum þau

Vorið 2006 kom út bókinn *Verndum þau*. Hún fjallar m.a. um ofbeldi gegn börnum og unglingum og vanrækslu. Að útgáfu bókarinnar stóðu [menntamálaráðuneyti](#) og [Æskulyðsráð](#) í samstarfi við Eddu útgáfu. Höfundar eru Ólöf Ásta Farestveit, uppeldis- og afbrotarfræðingur og Þorbjörg Sveinsdóttir, B.A. í sálfræði.

Menntamálaráðuneyti og [Æskulyðsráð](#) hafa í samstarfi við höfunda bókarinnar staðið fyrir námskeiðum sem byggja á efni bókarinnar hjá ýmsum félögum og samtökum auk þess sem ráðuneytið hefur átt samstarf við [Félag faqfólks í frítímabjónustu](#) um framkvæmd slíkra námskeiða í sveitarfélögum víðs vegar um land.

Þann 14. apríl sl. stóð menntamálaráðuneyti fyrir kynningu fyrir fulltrúa ýmissa hópa sem koma að starfi með börnum þar sem fjallað var um efni bókarinnar. Tilgangurinn var að vekja athygli á bókinni og námskeiðunum í von um að það megi verða til þess að hvetja þá sem á kynninguna komu til að vekja athygli sinna félagsmanna á



mikilvægi þess að fylgjast með og bregðast við ofbeldi gegn börnum.

Nánari upplýsingar um verkefnið *Verndum þau* má finna á síðinni [www.faqfelag.is](#)

Endurmenntunarsjóður grunnskóla 2008

Stjórn [Endurmenntunarsjóðs grunnskóla](#) ákvað að veita styrki til 87 verkefna árið 2008, samtals rúmar 18 millj. kr. Auk þess ákvað stjórn sjóðsins að veita þriggja milljóna króna styrk til Olweusarverkefnis gegn einelti. Nánari upplýsingar um úthlutunina eru á [vef menntamálaráðuneytis](#).

Þróunarsjóður grunnskóla 2008

Úthlutað hefur verið úr [Þróunarsjóði grunnskóla](#) fyrir skólaárið 2008-2009. Tilgangur sjóðsins er að efla nýjungar, tilraunir og nýbreytni í grunnskólum. Auglýst var eftir umsóknum um styrki á þremur forgangssviðum:

- » Heildarskipulag kennsluhátta og samfella milli skólastiga.
- » Skapandi hugsun, samstarf, jafnrétti og lýðræði í skólastofunni.
- » Umhverfisvitund og sjálfbær þróun.

Menntamálaráðherra ákvað, að tillögu ráðgjafarnefndar, að veita styrki að upphæð alls 18,5 millj. kr. til 30 verkefna, en samtals voru umsóknir 63. Snælandsskóli fær hæsta styrkinn að þessu sinni 1,1 millj. kr. í verkefnið Að læra að læra. Lundarskóli á Akureyri fær 1 millj. kr. til verkefnisins Svífum seglum þöndum og Álfstanesskóli fær 1 millj. kr. til verkefnisins Frá gráma til gleði – skólalóðin okkar.

Nánari upplýsingar um úthlutun úr sjóðnum eru á [vef menntamálaráðuneytis](#).

